

Umsögn: Breyting á lögum um kynrænt sjálfræði (ódæmigerð kyneinkenni)

Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi fagna breytingum á lögum um kynrænt sjálfræði er tengjast ódæmigerðum kyneinkennum. Þegar lögin voru samþykkt fyrir rúmu ári þá voru það mikil vonbrigði að kafla um intersex börn (börn með ódæmigerð kyneinkenni) hafði fallið út og málaflokkurinn settur í nefnd. Það eru grunnmannréttindi hvers og eins einstaklings að líkamleg friðhelgi þeirra sé tryggð, hvort sem um ræðir fullorðna manneskju eða barn. Fólk með ódæmigerð kyneinkenni hefur í gegnum tíðina þurft að þola grófa mismunun þegar kemur að líkamlegri friðhelgi, ónægilega upplýsingagjöf ásamt því að mikil leynd hefur ríkt um þennan tiltekna hóp sem hefur haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar á intersex einstaklinga. Því eru mikilvægi þessara laga gríðarleg.

Þau drög sem nú birtast í samráðsgátt eru að mörgu leyti vönduð og ná vítt yfir málaflokkinn, orðalag er skýrt og tilgangur laganna einnig. Sérstaklega skal fagna því að nú er til vísir að virku eftirliti og samráði þegar kemur að aðgerðum á intersex börnum og að blátt bann sé lagt við þeim áður en barn getur sjálft gefið leyfi fyrir þeim. Eins ber að fagna að upplýsingaskylda til foreldra eða forsjáraðila er nú lögbundin, ásamt því að upplýsingaskylda hvílir einnig á foreldrum að láta barnið vita þegar það hefur aldur til. Aukinheldur skal meðal annars benda skjólstæðingum á viðeigandi jafningjafræðslu fólks með ódæmigerð kyneinkenni og hagsmunasamtaka þeirra, og ber því að fagna. Jafnframt er lagt til teymi skipað fagfólki sem vinnur með intersex börnum og aðstandendum þeirra, og eftir atvikum bendir á jafningjafræðslu. Þetta er mikilvægt þar sem eftirfylgni skal gæta til hins ítrasta.


Þrátt fyrir allt það jákvæða í frumvarpsdrögunum þá verðum við að benda á hið augljósa að öllum börnum er ekki tryggð sjálfkrafa vernd. Einstaklingar sem fæðast með hypospadias eða micropenis falla ekki undir verndina, þrátt fyrir að þau falli undir teymi um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og þar af leiðandi lúta sömu lögum og önnur börn er varðar upplýsingaskyldu, eftirfylgni og eftirlit. Verndin sjálf er þó ekki tryggð. Það stingur í stúf að frumvarpsdrögin geri ráð fyrir því að tryggja öllum börnum vernd nema þeim einstaklingum sem fæðast með stutta þvagrás/reðurhúfuneðanrás (e. hypospadias) og fólks með vanvöxt á typpi (e.

micropenis). Hvetjum við stjórnvöld til að athuga þau mál enn frekar enda er það ekki í anda laga um kynrænt sjálfræði sem fagnar líkamlegri friðhelgi að skilja tvo hópa eftir án verndar.

Einnig vilja Samtökin '78 benda á að þessi lög gera ekki ráð fyrir þeim grófu mannréttindabrotum sem hafa átt sér stað gagnvart intersex fólki í fortíðinni. Þau mál þurfa að komast upp á yfirborðið og stjórnvöldum ber að athuga þau brot, viðurkenna þau og tryggja að intersex fólk geti leitað réttar síns aftur í tímann án takmarkana. Samtökin '78 hvetja stjórnvöld áfram til að tryggja öllum einstaklingum líkamlega friðhelgi, lagalegan rétt og sóma. Þar til við erum ekki öll jöfn og tryggð þá er baráttunni hvergi nærri lokið.

Að lokum vilja Samtökin '78 þakka ráðuneytinu fyrir alla þá vinnu sem starfsfólk þess hefur unnið á undanförunum mánuðum. Einnig þökkum við fyrir gott samráð og vandaða stjórnsýslu. Við óskum ráðuneytinu góðs gengis á næstu vikum og hlökkum til að sjá málið lagt fyrir Alþingi Íslendinga.

Fyrir hönd Samtakanna '78:


Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri


Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður